

Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dalabyggð, 15. apríl 2020
Mál.nr. 2003020

Efni: Svar við ósk um upplýsingar vegna afgreiðslu sveitarstjórnar Dalabyggðar á umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Hóli í Hvammssveit.

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis dags. 12.03.2020, mál.nr. 10388/2020. Óskað er upplýsinga og skýringa á tveimur atriðum sem eru tölusett og er svarinu skipt upp á sama hátt.

1. Umsókn Jakobs var afgreidd á 188. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 05.03.2020. Bókun í fundargerð var eftirfarandi (dagskrárliður 17):

1910024 - Skógrækt á jörðinni Hóli - umsókn

Úr fundargerð 103. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, 2.03.2020, dagskrárliður 13:

Skógrækt á jörðinni Hóli - umsókn - 1910024

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt að Hóli.

Nefndin samþykkir erindið með tilliti til nýrrar flokkunar á landbúnaðarlandi í drögum að endurskoðun á Aðalskipulagi Dalabyggðar, en landið fellur undir flokk II og III samkvæmt þeirri skilgreiningu. Einnig þarf að liggja fyrir samþykki eigenda aðliggjandi jarða og umsögn Minjastofnunar.

Samþykkt samhljóða, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar á drögum að flokkun landbúnaðarlands.

Samþykkt samhljóða.

Jakobi var tilkynnt um niðurstöðuna með tölvupósti 06.03.2020 kl. 12:27. Þar var tekið fram að í stað þess að Jakob myndi leita samþykkis eigenda aðliggjandi jarða væri hægt að láta fara fram grenndarkynningu. Í samtali milli undirritaðs og Jakobs í kjölfar þessa tölvupósts kom fram að hann teldi ekki vandkvæði á að fá samþykki frá aðliggjandi jörðum.

2. Með afgreiðslu sveitarstjórnar sem vísað er til felst ekki sú afstaða að ekki sé skylt að taka afstöðu til erindisins á grundvelli fyrirbyggjandi skipulagsáætlana. Vísast þar til *Svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030*. Það hefur skipt máli við afgreiðslu framkvæmdaleyfa frá sumrinu 2018 að þá um vorið tók svæðisskipulagið gildi og skv. 7. málsg. 12. gr. laga nr. 123/2010 er svæðisskipulag rétt hærra en aðalskipulag.

Í Svæðisskipulagi Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 (B-deild Stjórnartíðinda nr. 629/2018 – 5. júní 2018) kemur eftirfarandi fram (bls. 27):

LAND TIL RÆKTUNAR

- **Við aðalskipulagsgerð verði land greint m.t.t. hentugleika til ræktunar með það að markmiði að vernda slíkt land með afmörkun og ákvæðum í aðalskipulagi.**
- **Skógrækt verði efld sem landbúnaðargrein en þess verði gætt að gott landbúnaðarland m.t.t. annars ræktunargildis og beitar verði ekki tekið undir skógrækt.**

Framangreind greining á landi hafði því ekki farið fram en sú vinna var sett í algeran forgang við vinnslu aðalskipulagsins. Á 177. fundi sínum 15.08.2019 (dagskrárliður 7) ákvað sveitarstjórn Dalabyggðar að bjóða út vinnu við gerð aðalskipulags. Á 178. fundi sveitarstjórnar 12.09.2019 (dagskrárliður 9) var verklýsing vegna útboðsins afgreidd og þar kom fram áður nefndur forgangur á greiningu landbúnaðarlands. Á 184. fundi 12.12.2019 (dagskrárliður 22) voru þau fjögur tilboð sem bárust kynnt og samþykkt að Dalabyggð myndi fara að tillögu Ríkiskaupa og að tilkynning um val tilboðs yrði send bjóðendum í útboðskerfi stofnunarinnar. Á 185. fundi sveitarstjórnar 16.01.2020 (dagskrárliður 9) var samningur við verktaka vegna aðalskipulags síðan samþykktur og enn kom fram að stefnumótun við flokkun landbúnaðarlands yrði forgangsverkefni. Tillaga að þeirri stefnu var síðan lögð fram á 188. fundi sveitarstjórnar 05.03.2020 (dagskrárliður 2) og eftirfarandi fært í fundargerð:

2002053 - Flokkun landbúnaðarlands

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til eftirtaldar breytingar á drögum frá Verkís:

1. Forðast ber að setja niður ágengar plöntur í landbúnaðarland II, hvort sem er í skógrækt eða í annarri ræktun. (bls. 7)
2. Heimilt er að taka land í flokki II til skógræktar. Öll skógrækt innan skógræktarsamninga er leyfis skyld óháð stærð. Skógrækt undir 10 ha á hverju lögbýli er einungis tilkynningarskyld til skipulagsyfirvalda sem leita umsagnar viðeigandi aðila. (bls. 7)
3. Heimilt er að taka land í flokki III til skógræktar. Öll skógrækt innan skógræktarsamninga er leyfis skyld óháð stærð. Skógrækt undir 10 ha er einungis tilkynningarskyld til skipulagsyfirvalda sem leita umsagnar viðeigandi aðila. (bls. 7)
4. Votlendi, > 2 ha samfelldt svæði. (bls. 8)

Úr fundargerð 103. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, 2.03.2020, dagskrárliður 2:

Flokkun landbúnaðarlands - 2002053

Lögð fram drög að viðmiðum fyrir flokkun landbúnaðarlands vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Dalabyggðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að drög að viðmiðum fyrir flokkun landbúnaðarlands vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Dalabyggðar verði samþykkt.

Samþykkt

Til máls tóku í þessari röð: Ragnheiður, Einar Jón, Eyjólfur.

Samþykkt samhljóða



Umsókn Jakobs var afgreidd á sama fundi og stefnan var samþykkt. Öll áhersla hefur verið lögð á að flýta þessu ferli eins og unnt hefur verið. Það er því ekki hægt að fallast á að afgreiðsla hafi tekið lengri tíma en mögulegt var.

Mál 1910024 um skógrækt á Hóli í Hvammssveit hefur þrisvar sinnum verið tekið fyrir á fundum sveitarstjórnar Dalabyggðar.

Úr fundargerð 184. fundar sveitarstjórnar Dalabyggðar 12.12.2019 (dagskrárliður 11):

1910024 - Skógrækt á jörðinni Hóli í Hvammssveit - umsókn

Úr fundargerð 100. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 06.12.2019, dagskrárliður 11:

1910024 - Skógrækt á jörðinni Hóli - umsókn

Frestað frá síðasta fundi. Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að ákvörðun um málið verði frestað þar til mótuð hefur verið stefna hjá sveitarfélaginu varðandi notkun á landi tengt landbúnaði samfara nýju aðalskipulagi en vinna við endurskoðun þess hefst fljótlega í byrjun næsta árs.

Samþykkt samhljóða.

Tóku til máls: Einar Jón, Eyjólfur, Ragnheiður.

Einar Jón leggur fram eftirfarandi tillögu:

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Hóli í Hvammssveit, með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og Minjastofnunnar.

Tóku til máls: Eyjólfur, Anna Berglind:

Tillagan felld með 5 atkvæðum (PJ, EIB, SHS, RP, ABH) gegn einu (EJG) og einn sat hjá (PJS).

Tillaga umhverfisnefndar lögð fram.

Samþykkt með sex atkvæðum (PJ, ABH, SHS, EIB, RP, PJS), einn situr hjá (EJG).

Úr fundargerð 187. fundar sveitarstjórnar Dalabyggðar 13.02.2020 (dagskrárliður 4):

1910024 - Skógrækt á jörðinni Hóli - umsókn

Úr fundargerð 102. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar 07.02.2020, dagskrárliður 4:

1910024 - Skógrækt á jörðinni Hóli - umsókn

Fyrir fundinum lá bréf til sveitarstjórnar frá Jakobi K. Kristjánssyni um frestun á framkvæmdarleyfi fyrir skógrækt á Hóli. Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir sveitarstjórn á að við afgreiðslu skógræktarumsóknar á Hóli var farið eftir markaðri stefnu svæðisskipulagsins sem tók gildi 2018 og markmiði landsskipulagsstefnu varðandi flokkun á landbúnaðarlandi. Þá bendir nefndin á að hafin er vinna við endurskoðun Aðalskipulags Dalabyggðar og málefni sem varðar flokkun lands verður flýtt.

Samþykkt samhljóða.



Dalabyggð

Til máls tóku í þessari röð: Einar, Ragnheiður, Eyjólfur, Einar (að öðru sinni), Ragnheiður (að öðru sinni), Skúli, Þuríður.

Einar leggur fram tillögu:

"Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkir allar fyrirbyggjandi umsóknir um framkvæmdarleyfi fyrir skógrækt í Dalabyggð. Með þeim fyrirvara að einungis skuli plantað trjám í landbúnaðarlandi í flokkum III og IV miðað við flokkun á landbúnaðarlandi samkvæmt endurskoðun á Aðalskipulagi Dalabyggðar. Ennfremur skal fá samþykki eigenda aðbyggjandi jarða og Minjastofnunar"


Tillaga Einars borin upp til afgreiðslu.

Tillagan felld með 4 atkvæðum (EIB, RP, SHS, SHG) 1 (EJG) samþykkur og 2 (PJ, ÞJS) situr hjá

Þriðja skiptið var á 188. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 05.03.2020 þar sem umsóknin var afgreidd, sjá svar við tölulið 1.

Óskað var eftir að svar bærist umboðsmanni Alþingis eigi síðar en 2. apríl en með tölvupósti þann 1. apríl sl. framlengdi umboðsmaður frestinn til 15. apríl og þakkar undirritaður fyrir það.

Fyrir hönd Dalabyggðar


Kristján Sturluson
Sveitarstjóri

